



# Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

11. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 4. október 2024  
kl. 13.00 - 15.00 haldinn í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason  
Á Teams: Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson og Hermína Gunnþórsdóttir.  
Forföll: Zophonías Oddur Jónsson.  
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

## Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Afgreiðsla fundargerða.
2. Fundur með Andra Vali Ívarssyni lögmanni BHM.
3. Umfjöllun í fjölmiðlum.
4. Skipan fulltrúa FPR í stjórn SP.
5. Tillögur að breytingum á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora. Samþykkt framhaldsaðalfundar um atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 13.05.

Formaður byrjaði fundinn á því að upplýsa að kjaradeila félagsins sé komin inn á borð Ríkissáttasemjara. Búið er að boða til fyrsta fundar sem verður miðvikudaginn 9. október.

### 1. Afgreiðsla fundargerða.

Þær fundargerðir sem á eftir að afgreiða verða settar á Teamssvæði stjórnar með ósk um athugasemdir fyrir ákveðinn tíma. Skoðast þær samþykktar eftir það.

### 2. Fundur með Andra Vali Ívarssyni lögmanni BHM.

Formaður sagði frá fundi með Andra Vali Ívarssyni lögmanni BHM þann 2. október þar sem hann útskýrði lagalegar hliðar á þeim málum sem við erum að sinna.

### 3. Umfjöllun í fjölmiðlum.

Formaður sagði frá frétt sem mun birtast á vef BHM með upplýsingum um að kjaradeila félagsins sé komin inn á borð Ríkissáttasemjara og að samningaviðræður hefjist í næstu viku. Yfirskrift fréttarinnar er „Kaupmáttarstöðnun í meira en áratug“. Fréttatilkynning verður send fjölmiðlum og frétt um málið sett á heimasíðu félagsins. Formaður mun stofna Facebooksíðu FPR og setja fréttir inn á hana. Póstur með ofangreindum upplýsingum verður sendur félagsfólki til upplýsinga.

Bára Hildur Jóhannsdóttir sáttasemjari hjá embætti Ríkissáttasemjara hafði samband við Rögnu varðandi gögn fyrir fyrsta fund ásamt upplýsingum um okkar kröfur sem ekki náðist samkomulag um.

#### 4. Skipan fulltrúa FPR í stjórn SP.

Eyvindur G. Gunnarsson, fulltrúi FPR í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) hefur sagt af sér þar sem hann hefur verið skipaður landsréttardómari til næstu fjögurra ára. Skipa þarf fulltrúa í staðinn fyrir hann. Tillaga kom fram um að kanna hvort Bjarni Bessason prófessor við HÍ gefi kost á sér. Tillagan var samþykkt. 4 samþykktu hana. Þrír sátu hjá.

#### 5. Tillögur að breytingum á úthlutunarreglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.

Rætt var um tillögu formanns sem samþykkt var á framhaldsaðalfundi félagsins þann 30. september sl. um breytingar á reglum Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora og könnun meðal félagsfólks það að lútandi. Tillagan fjallaði um fyrirkomulag kosninga um báðar tillögur stjórnar FPR og Péturs H. Petersen prófessors. Stjórn félagsins var falið að láta fara fram rafræna atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks innan 3ja vikna frá 30. september að telja.

Formaður mun senda stjórn tillögu að uppsetningu könnunarinnar til skoðunar áður en hún verður send félagsfólki. Í samræmi við samþykkt aðalfundar er gert ráð fyrir umræðufundi um niðurstöðurnar innan 3ja vika frá lokum kosninga. Í kjölfarið munu stjórn FPR og fulltrúi félagsins í stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora leggja fram tillögur að breytingum til stjórnar sjóðsins.

#### 6. Næsti fundur.

Næsti fundur verður föstudaginn 18. október kl. 12-14 í Gimli 301.

#### 7. Önnur mál.

##### a) Hækkun félagsgjalda.

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið er að tilkynna BHM, Fjársýslu ríkisins, launa-deildir ríkisháskólanna og félagsfólki um samþykkt aðalfundar varðandi hækkun félagsgjalda úr 0,8% í 0,9% af launum félagsfólks. Breytingin tekur gildi við launakeyrslu fyrir október 2024.

##### b) Samráðsnefnd um kjaramál og Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

Félagsmaður kom með fyrirspurn til félagsins um rétt til greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði sem nýr prófessor. Viðkomandi hóf störf haustið 2023, skilaði inn skýrslu um störf sín fyrir 1. febrúar 2024 en fékk synjun á greiðslum úr sjóðnum þrátt fyrir að vera í 100% starfi. Eftir bréfaskrif við framkvæmdastjóra og nánari upplýsingar um afgreiðslu málsins sendi viðkomandi kvörtun til Samráðsnefnar um kjaramál við HÍ um málið. Formaður Samráðsnefnar hafði síðan samband og óskaði eftir álit stjórnar FPR í þessu máli.

Það er skilningur stjórnar á reglum sjóðsins að til þess að fá úthlutun úr honum þá nægir að vera í 50% starfi eða meir til að fá greitt úr honum. Í reglum sjóðsins kemur ekki fram um lágmarks starfstíma sem þarf að uppfylla þegar sótt er um í sjóðinn í fyrsta sinn. Af þeim sökum telur stjórn félagsins að viðkomandi eigi rétt á greiðslum fyrir árið 2023.

##### c) Mál um skráningar tíma í Kol vegna kennslu.

Eins og áður hefur komið fram á stjórnarfundi (mál 2) barst svar við bréfi félagsins frá sviðs-forseta viðkomandi deildar. Í kjölfarið var aflað frekari gagna áður en ákvörðun yrði tekin um næsti skref. Að lokum var niðurstaðan sú að senda bréf til Samráðsnefnar um kjaramál við HÍ um málið. Framkvæmdastjóri er að vinna í því ásamt trúnaðar-manni félagsins.

**d) Ráðstefna Ríkissáttasemjara og fræðsluráðs 28. nóvember nk.**

Embætti ríkissáttasemjara og fræðsluráð embættisins, sem samanstendur af fulltrúum ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, SA, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samninganefnd ríkisins, mun halda ráðstefnu um launajafnrétti og breytingar í reglu-umhverfi vinnumarkaðarins og möguleg áhrif þeirra á gerð kjarasamninga. Ráðstefnan verður haldin í Hörpu þann 28. nóvember næstkomandi kl. 10-16. Fulltrúar voru beðnir um að taka daginn frá ef þeir ætla að taka þátt.

**e) Greiðsla fyrir stjórnun við HÍ.**

Ragna sagði frá máli prófessors sem leitaði til hennar sem trúnaðarmanns félagsins vegna fyrirhugaðar breytingar á greiðslum fyrir umfangsmikla stjórnun. Málið snýst um að heilbrigðisvísindasvið hefur fengið leiðbeiningar frá fjármálanefnd HÍ um að greiða ekki lengur yfirvinnutaxta fyrir umfangsmikla stjórnun en þess í stað greiða þóknun sem er lægri en dagvinnulaun prófessora. Á það einungis við um akademískt starfsfólk. Ragna hefur kallað eftir nánari upplýsingum um málið og hvernig þessi ákvörðun er tilkomin en ekki fengið svör. Stjórn var sammála um að slíkar ákvarðanir ættu ekki að vera teknar án samráðs við félagið.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.06.

Fundarritari: LP.